

AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1997.

Hinn 14. desember 1996 var undirritað í Ósló samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1997. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 1997. Með ályktun 20. desember 1996 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. janúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1997.

Í samræmi við 3. t. l. viðauka við sameiginlega bókun frá 14. desember 1996 um niðurstöðu fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 1997 heimilt að veiða allt að 233 þúsund lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 10 þúsund lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 166 þúsund lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997.

ARRANGEMENT between Iceland and Norway on access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 1997

In accordance with paragraph 3 of the Annex to the Agreed Record dated 14 December 1996 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1997, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 1997 to fish 233,000 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N of which a maximum of 10,000 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 1997 to fish 166,000 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

Nr. 4

7. janúar 1997

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Gjört í Ósló 14. desember 1996

Done at Oslo, 14 December 1996

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:

For the Icelandic Delegation:

Jóhann Sigurjónsson

Jóhann Sigurjónsson

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:

For the Norwegian Delegation:

Dag Erling Stai

Dag Erling Stai